

## REGLUGERÐ

### um þorskveiðibann 20.—31. desember 1982.

#### 1. gr.

Á tímabilinu frá og með 20. desember til og með 31. desember 1982, eru fiskiskipum, öðrum en þeim, sem hlíta takmörkunum á þorskveiðum samkvæmt reglugerð nr. 688 28. desember 1981, um takmarkanir á þorskveiðum togskipa 1982, bannaðar allar þorskveiðar.

Á sama tímabili er óheimilt að hafa þorskfisknet í sjó.

#### 2. gr.

Á þeim tíma, sem þorskveiðar eru bannaðar, skv. 1. mgr. 1. gr., má hlutur þorsks í heildarafla hvernar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%.

Fari þorskafli yfir 15% af heildaraflanum verður það, sem umfram 15% er, gert upp-tækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

#### 3. gr.

Nú er afla landað innan þeirra tímamarka, sem um getur í 1. gr. og hlutfall þorsks í heildarafla reynist hærra en 15%, skal þá litið svo á, að um ólöglegan þorskafla sé að ræða og hann gerður upptækur samkvæmt 2. gr. nema í ljós komi, að fiskiskipið hafi ekki verið að veiðum á þeim tíma, sem þorskveiðar eru því bannaðar.

Sama gildir komi fiskiskip að landi eftir lok tímabils samkvæmt 1. gr., enda hafi afli að einhverju leyti fengist á tímabilinu.

#### 4. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar, ef nauðsyn krefur.

#### 5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæða laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 29. nóvember 1982.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Jón B. Jónasson.*